

---

# Fundargerð 2018

---

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

---

Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands haldinn þann  
25. maí 2018 kl. 16:00 í sal Tannlæknafélags Íslands Síðumúla 35.

---

---

Gögn sem lágu fyrir fundinum og höfðu jafnframt verið kynnt á heimasíðu sjóðsins:

- Ársreikningur ársins 2017
- Engar tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Sigurgísli Ingimarsson, formaður stjórnar sjóðsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Börk Thoroddsen, tannlækni, í starf fundarstjóra. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tilnefningu og var hún samþykkt með lófataki.

Börkur Thoroddsen tók til máls og þakkaði fundarmönnum traustið og tilnefndi Margréti Sigurbjörnsdóttur starfsmann Landsbankans, í starf fundarritara.

### **Dagskrá fundar:**

1. Skýrsla stjórnar - Sigurgísli Ingimarsson
2. Kynning ársreiknings- 2017 - Ólafur Páll Gunnarsson
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt 2017 - Bjarni Guðmundsson
4. Fjárfestingarstefna 2018 - Pétur Pétursson
5. Kosning stjórnar
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Kjör endurskoðanda
9. Önnur mál, löglega fram borin

Á fundinn voru mættir X sjóðfélagar sem fara samtals með X% af atkvæðarétti.

---

---

# 1. Skýrsla stjórnar - Sigurgíslí Ingimarsson

Fundarstjóri, sjóðfélagar og aðrir fundargestir, Rekstrarár Lífeyrissjóðs Tannlækna sem nú lýkur einkenndist af miklum viðsnúningi hvað ávöxtun varðar ef borið er saman við síðastliðið ár. Raunávöxtun séreignardeildar var 5 % miðað við vísitölu neysluverðs á meðan sameignardeildin var með 5.2 % raunávöxtun miðað við vísitölu neysluverðs.

Eignasafn beggja deilda sjóðsins stendur mjög traustum fótum og samanstendur að stærstum hluta af skuldabréfum með ábyrgð ríkisins, innlánnum og dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa.

Eins og fram kemur í ársreikningi sl. árs eru allar kennitölur úr rekstrinum jákvæðar en ársreikningurinn verður skýrður nánar hér á eftir.

Árið 2017 var sérstakt á margan hátt í efnahagslegu og stjórnámálalegu tilliti erfitt.

Í stjórnámálunum ríkti töluverður órói enda var gengið til kosninga í tvígang og tókst að lokum að mynda ríkisstjórn þriggja flokka.

Hlutabréfamarkaðurinn var á afar hægu róli og lækkaði úrvalsvísitala hlutabréfa um 4.4 % hins vegar voru hækkanir erlendum mörkuðum einkum á þeim bandaríska og hækkaði SP 500 vísitalan um 20%.

Nokkuð dró úr hagvexti sem endaði í rúmum 4 % og eftir því sem hægir á hagkerfinu færumst við nær öðrum þróuðum ríkjum hvað varðar hagvöxt og hagvaxtarhorfur. Hagvöxturinn var líkt og undanfarin ár drifinn áfram af innlendra eftirspurn, þ.e. einkaneyslu og fjárfestingu en spár benda til áframhaldandi lækkunar hagvaxtar á næstu árum.

Verðbólga hélst lág árinu og var innan við 2 % og virðist sterk króna og aukin samkeppni hafa haldið verðbólgunni í skefjum. Þannig hefur ríkt afar dýrmætur efnahagsstöðugleiki á Íslandi nú samfleytt í 4 ár.

Svo virðist sem mikill vöxtur í ferðaþjónustu sé liðinn a.m.k. í bili og var samdráttur í erlendri greiðslukortaveltu í fyrsta skipti í lok árs 2017.

Þrátt fyrir þetta var verulegur viðskiptaafgangur þó vöruskiptahalli væri vaxandi og hefur erlend staða þjóðarbúsins aldrei verið betri enda erlend eignastaða Íslands jákvæð og erum við þar með kominn í hóp með Noregi, Sviss og Lúxemborg hvað þennan þátt varðar. Þetta er afar jákvætt og einstakt svo skömmu eftir efnahagshrunið 2008.

Skuldir hins opinbera héldu áfram að lækka og er skuldahlutfall hins opinbera orðið 27 % af vergri landsframleiðslu sem er þar með eitt lægsta hlutfallið innan OECD.

Atvinnuleysi er áfram afar lágt eða um 2.3 % og er nú minnst atvinnuleysi á Íslandi á meðal OECD ríkjanna.

Skuldsetning fyrirtækja er sögulega lítil og eiginfjárstaða þeirra almennt góð skuldir heimila hafa þó aukist og stafar það af vexti nýrra íbúðalána en þrátt fyrir þessa skuldaaukningu vaxa ráðstöfunartekjur enn hraðar og hrein eign heimilinna eykst með ört vaxandi fasteignaverði. Þannig má segja að viðnámsþróttur heimilanna sé því enn að styrkjast enda er sparnaður að aukast og jukust innlán íslenskra heimila um 10 % á árinu 2017.

Þannig hefur eins og áður ríkt hér þokkalegur stöðugleiki með lágrí verðbólgu, jákvæðum hagvexti og Seðlabankinn býr yfir stöndugum gjaldeyrisvarasjóði. Það er því ekki skrytið að erlendir fjárfestar fóru að sýna íslenskum hlutabréfamarkaði verulegan áhuga og fjárfestu fyrir um 50 milljarða samanborið við 11 milljarða árið 2016.

Sem fyrr er fjárfesting í skuldabréfum háð bindiskyldu og er það hugsað til að hægja á vaxtamunaviðskiptum og koma þannig í veg fyrir myndun „snjóhengju“ líkt og þeirri sem reyndist okkur svo dýrkeypt í efnahagshruninu. Og þrátt fyrir gagnrýni úr ýmsum áttum hvíkar stjórn Seðlabankans hvergi í þessari stefnu sinni.

Það er því afar mikilvægt að þessum stöðugleika verði ekki fórnað vegna skammtímahagsmuna. Því miður hrannast óveðursskýin upp við sjóndeildarhringinn og verði það að veruleika sem misvitir forystumenn launafólks boða er veruleg vaxtarmunur á milli. Hið endanlega markmið kjarasamninga hlýtur að vera að bæta kjör launafólks en ekki að rýra þau. Það liggur fyrir að kaupmáttur hefur aukist hér um 20 % á s.l. 3 árum. Þannig hefur launakostnaður fyrirtækja hækkað margfalt hér á landi í samanburði við önnur lönd innan OECD. Þessi árangur hefur náðst samhliða því að verðbólga hefur verið undir markmiði Seðlabankans. Því verður því varla trúað að launþegar láti etja sér út kjarabaráttu sem að lokum mun fórna þessum stöðugleika með aukinni verðbólgu, verðhækkunum, aukinni greiðslubyrði lána o.s.frv. Sporin hræða í þessu sambandi og því ber að spyrja til hvers verkföll og skæruherað gegn stöðugleikanum sem ríkt hefur s.l. 4 ár til þess eins að fá verðlausar krónur í launaumslagið.

---

Íslenska bankakerfið er of stórt. Strangar eiginfjárförur ásamt auknum álögum á fjármálakerfið eftir efnahagshrunið, einkum hinum sérstaka banka-skatti, hafa skilað sér í því að við höfum búið til eitt dýrasta bankakerfi í Evrópu með neikvæðum áhrifum á framleiðni í atvinnulífinu. Það er einsýnt að eignahlutdeild ríkisins í því þarf að minnka. Með nýrri löggjöf Evrópusambandsins sem tekur gildi hér á landi á næsta ári er einsýnt að samkeppnishæfni banka fer minnkandi og gæti þessi nýja löggjöf leitt til þess að tekjur af viðskiptabankastarfsemi dragist saman um 25 % á næstu árum. Þannig minnkar virði þeirra og er því afar brýnt að ríkið dragi úr eignarhaldi sínu í þessum stofnunum. Það er í raun líklegt að verðmæti eignarhluta ríkisins í bönkunum fari hratt minnkandi á næstu árum og gæti virði þessara eigna fallið um allt að 50 %. Það ætti því nú á toppi hagsveiflunnar að stefna að sölu þessara eigna en hætt er við að það gæti orðið dýrkeypt að bíða með sölu þessara eigna sérstaklega í ljósi fyrrgreindrar lagasetningar.

Þessa fjármuni sem fyrir þessar eignir fengjust mætti t.d. nýta til að greiða niður skuldir eða greiða inn á lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs sem nú eru 35 % af landsframleiðslu í stað þess að sækja þessa fjármuni í vasa skattgreiðenda um ókomna framtíð.

Vextir og verðtrygging eru sífellt í umræðunni hér á landi og sýnist hverjum sitt í þeim efnunum. Það má segja að viðskiptaafgangur og uppsöfnun lífeyrissparnaðar sé að breyta Íslandi úr því að vera fjármagnsinnflytjandi í að vera fjármagnsútflytjandi. Raunvextir hafa verið að lækka og eru horfur á að þeir muni halda áfram að lækka.

Því er gjarnan haldið fram að lífeyrissjóðirnir haldi uppi háu raunvaxtastigi hér á landi. Það er rangt, vextir eru mun fremur háðir framboði og eftirspurn. Ef framboð á lánsfé er umfram eftirspurn þá lækka vextir og öfugt. Þetta lögmál framboðs og eftirspurnar hefur t.d. leitt til þess að margir lífeyrissjóðir eru í dag að bjóða lán á vöxtum sem eru talsvert undir þeirri kröfu sem þarf til að standa undir framtíðarskuldbindingu sjóðanna.

Sá sem lánar vill þó ávallt fá sambærilegt verðmæti til baka ásamt vöxtum. Ísland er lítið hagkerfi sem er viðkvæmt fyrir áföllum og hefur sögulega búið við lítinn stöðugleika í verðlagi og aðstæðum lán-takenda. Við búum auk þess við lítinn sjálfstæðan gjaldmiðil. Virði gjaldmiðilsins hverju sinni er á margan hátt mælikvarði á umgengni hins opinbera og almennings í fjármálum. Verðtrygging er í raun

eina lánaformið sem gefur heimilum færi á langtíma greiðsluferli og tryggir á sama tíma langtíma virði eigna lífeyrissjóðanna. Þessir þættir verða vart aðskildir meðan við búum við sjálfstæðan gjaldmiðil. Þannig væri glapræði að afnema verðtryggingu á íslenskum fjármálamarkaði, heldur ætti með öllum ráðum að stefna að því að viðhalda þeim stöðugleika sem ríkt hefur í hagkerfinu s.l. 4 ár öllum til til hagsbóta.

Aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar er að breytast (mynd 1) og mun lífeyrisþegum fjölga jafnt og þétt á komandi áratugum og frá árinu 2047 verða þeir sem eldri eru en 65 ára í fyrsta sinni fleiri en þeir sem eru yngri en tvítugir. Á sama tíma fækkar vinnandi höndum hlutfallslega vegna m.a. minnkandi fæðingartíðni. Ungu fólkið skilar sér æ seinna út á vinnumarkaðinn vegna lengri náms-tíma. Þótt þjóðin sé að eldast og fólksfjölgun fremur hæg, þá eru Íslendingar nú, og verða um sinn mun yngri en flestar Evrópuþjóðir. Árið 2060 er því spáð að þriðjungur Evrópubúa verð eldri en 65 ára en einungis fjórðungur Íslendinga.

Þetta mun þó þýða að kostnaður íslenska heilbrigðiskerfisins mun vaxa jafnt og þétt. Nú eru árleg áætluð útgjöld ríkissjóðs til heilbrigðismála 209 milljarðar króna sem eru 26% af heildarútgjöldum ríkissjóðs og þau munu fara vaxandi enda hafa rannsóknir leitt í ljós að einstaklingur sem er eldri en 65 ára stofni til fjórfalt meiri heilbrigðisútgjalda en einstaklingur sem er yngri en 65 ára.

Á sama tíma og þessi þróun á sér stað er það áhyggjuefni að örorkuþegum er að fjölga. Þannig hefur þeim sem eru með 75% örorku- og endurhæfingarmat fjölgað um 16% frá árinu 2011. Ef rýnt er nánar í þessar tölur má sjá að karlmönnum á aldrinum 20 til 24 ára sem eru með örorkumat hefur fjölgað um 37%. Einnig hefur orðið á þessu tímabili talsverð breyting á orsök örorku. Þannig hefur þeim fjölgað sem þiggja örorku vegna geðraskana fjölgað um 14% meðan þeim sem þiggja örorku vegna stoðkerfissjúkdóma hefur fjölgað um 7%. Karlmenn á aldrinum 20 – 24 ára eru 54% örorkuþega á þessu ári. Það er því afar brýnt að þessari óheillaþróun verði snúið við ef ekki á illa að fara. Hér þurfa því félagslega kerfið, heilbrigðiskerfið og menntakerfið að snúa bökum saman til að unnt sé að hverfa af þessari óheillaþraut.

Í ljósi alls þessa hlýtur það að vera okkur, sem sinnum lífeyrismálum, umhugsunarefni að í dag gangi fram sérfræðingar sem halda því fram að

---

við eigum að hverfa frá sjóðsöfnunarkerfi, þar sem hver og ein kynslóð fjármagnar sinn lífeyrissjóð, og innleiða þess í stað gegnumstreymiskerfi. Slík kerfi hafa fyrir löngu gengið sér til húðar og horfa flest ríki á meginlandi Evrópu með öfundaraugum til okkar sem bárum gæfu til að koma á sjóðsöfnun í almenna lífeyriskerfinu fyrir tæpum 50 árum öllum til hagsbóta. Það eitt er víst að Lífeyrissjóður Tannlækna verður ekki gegnumstreymissjóður á minni vakt!

Heildareignir íslenska lífeyrisjóðakerfisins eru 4000 milljarðar eða um 160% af vergri landsframleiðslu. Miðað við íbúafjölda Íslendinga nema eignir sjóðanna um 11.2 miljónum króna á hvern landsmann. Í þessu sambandi má geta þess að eignir Norska olíusjóðsins nema um 20 miljónum á hvern Norðmann. Í slíkum samanburði verðar að segjast að staða okkar sé nokkuð góð og mun að öllum líkindum draga saman í þessu tilliti á komandi árum okkur í hag.

Því er gjarnan haldið fram að íslenska lífeyrissjóðakerfið sé illa rekið, alltof dýrt og sé eiginlega „Fíllinn í stofunni“. Ef við skoðum rekstrarkostnað íslenska lífeyriskerfisins í alþjóðlegum samanburði kemur allt annað á daginn (Mynd 2). Kerfið er vel rekið og er til fyrirmyndar í slíkum samanburði. Ekki er þó allt til fyrirmyndar og vil ég þar sérstaklega nefna að alltof fáir lífeyrisjóðir búa við fullkomið sjóðfélaga lýðræði. Þetta kemur oft á tíðum niður á rekstri sjóðanna og nægir að nefna í því sambandi áhættusamar fjárfestingar sem nýlega leiddu til gríðarlegs taps hjá einum lífeyrissjóði.

Að þessu sögðu þá höfum við í stjórn LTFÍ fylgt afar varfærinni stefnu í fjárfestingum okkur á s.l. ári.

Í ljósi þess að fjármagnshöft hafa með öllu verið afnumin ákvað stjórn LTFÍ að leggja höfuð áherslu á fjárfestingu á erlendum eignum enda er það stefna okkar að stórauka vægi okkar á þeim vettvangi til að dreifa áhættu. Þannig hefur eign sjóðsins í erlendu verðbréfum aukist jafnt og þétt, en betur má ef duga skal. Því munum við halda markvisst á þeirri braut á kostnað innlendra eigna.

Það er ánægjulegt að geta þess að sjóðfélögum heldur áfram að fjölga jafnt og þétt og ganga nýútskrifaðir tannlæknar undantekningarlaust í sjóðinn og töluverður fjöldi maka þeirra einnig, enda er sjóðurinn opinn tannlæknum og mökum þeirra.

Því er oft haldið fram að sjóðurinn sé lítill og að því leyti áhættusamur. Þetta er alrangt því að í smæð hans felast möguleikar sem ekki eru í boði hjá stóru

sjóðunum. Margar rannsóknir hafa þannig sýnt að það er ekkert sambengi milli ávöxtunar og stærðar lífeyrissjóða. Lítil lífeyrissjóður er t.d. mun betur í stakk búinn að bregðast við aðstæðum á markaði en stór lífeyrissjóður. Ef við ákveðum að selja eignir á hlutabréfamarkaði eru engar líkur á því að slíkt hreyfi við gengi. Þetta gefur okkur óteljandi tækifæri.

Ég vek enn og aftur á nánd þeirri sem hinn almenni sjóðfélagi í okkar góða sjóði hefur við stjórnarmenn sem eru jú starfsbræður hans. Vert er einnig að nefna hið fullkomna sjóðfélagalýðræði sem ríkir innan LTFÍ. LTFÍ býður upp á enn meiri séreignarsöfnun en flestir aðrir lífeyrissjóðir, sem vel að merkja er að fullu erfanleg.

Rekstri sjóðsins er sem fyrr útvistað til Landsbankans og stjórn sjóðsins fundaði reglulega árinu samkvæmt fundaráætlun með framkvæmdastjóra og fjárfestingastjóra sjóðsins. Á milli reglubundinna funda átti formaður stjórnar fundi með framkvæmdastjóra sjóðsins um mál sem upp komu milli reglubundinna funda stjórnar LTFÍ.

Eins og fram kemur í nánari úttekt Bjarna Guðmundssonar Tryggingastærfræðings sjóðsins hér á eftir, er tryggingafræðileg staða LTFÍ enn sem fyrr jákvæð.

Endurskoðunarnefnd LTFÍ starfaði á síðasta ári samkvæmt skipunarbréfi.

Nefndarmenn hennar, skipaðir af stjórn LTFÍ voru Gísli Vilhjálmsson og Þórólfur Ólafsson tannlæknar og Jóni Gunnsteinn Hjálmarsson löggiltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila svo og virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Ennfremur eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðanda svo og að koma með tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda til næsta árs.

Ávöxtun LTFÍ hefur verið afar góð undanfarin ár (Mynd 3) og s.l. 10 ár hefur ávöxtun sjóðsins ávallt verið jákvæð og oftast í flokki þeirra lífeyrissjóða er hvað besta ávöxtun sýna. Örorkubyrði sjóðsins er sú lægsta innan almenna lífeyrissjóðakerfisins og tryggingafræðilega staða hefur alla tíð verið jákvæð. LTFÍ á því að vera augljós kostur fyrir tannlækna og maka þeirra.

Í þessu sambandi er vert að minna enn og aftur á að Lífeyrissjóður tannlækna er að stærstum hluta séreignasjóður sem erfist að fullu til maka og barna.

---

Þetta er mikilvægt þegar við horfumst í augu við það að þjóðin er að eldast mjög hratt þannig að öllum má ljóst vera að sífellt verður erfiðara að halda uppi lífeyriskerfi sem byggist á gegnumstreymi. Nærtækt dæmi er lífeyriskerfi opinberra starfsmanna þar sem viðvarandi halli á kerfinu er vel yfir 500 milljarðar með tilheyrandi útgjöldum fyrir ríkissjóð eins og ég nefndi hér fyrir. Hér verður að grípa til aðgerða enda ekki hægt að velta þessum vanda yfir á komandi kynslóðir sem þannig þurfa að standa undir opinberu lífeyriskerfi með síhækkandi sköttum.

Lífeyrissjóðir eru í eðli sínu íhaldssamar stofnanir. Alltaf annað slagið stiga fram svokallaðir „sérfræðingar“ sem kalla eftir breytingum á þessu kerfi. Ég held að það kerfi sem við búum við sé mjög gott. Það er ekki gallalaust en þjóðar hlutverki sínu vel og mun, ef rétt er málum haldið, tryggja eigendum

sínum þ.e. lífeyrisþegnum áhyggjulaust ævkvöld.

Það er því afar mikilvægt að nýjir valdhafar landsins beri gæfu til að

standa vörð um og hlúi að þessu góða kerfi, sem íslendingar báru gæfu til að koma á fót, þannig að það megi halda áfram að eflast og dafna öllum til hagsbóta.

Að lokum vil ég þakka öllum félögum mínum í stjórn fyrir afar ánægjulegt og árangursríkt samstarf á síðasta ári svo og ágætu starfsfólki Landsbankans og vil ég þar sérstaklega nefna Ólaf Pál Gunnarsson framkvæmdastjóra LTFÍ.

Með þá von í brjósti að næsta starfsár LTFÍ verði gjöfult og gæfuríkt, þakka ég fyrir mig.

Lifið heil.

---

## 2. Ársreikningur 2017

Fundarstjóri gaf því næst orðið, Ólafi Páli Gunnarsyni og gerði hann grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2017. Ársreikningur var lagður fram á fundinum sem var áritaður af óháðum endurskoðanda 18. apríl síðastliðinn. Ársreikningurinn var staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra og árit-

aður af endurskoðanda sjóðsins þann 18. apríl 2018. Ólafur fór yfir lykiltölur í ársreikningnum. Ársreikningur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er birtur í einu lagi bæði séreigna og sameignadeild. Ársreikninginn ásamt skýringum má nálgast á heimasíðu sjóðsins.

---

## 3. Tryggingafræðileg úttekt 2017

Bjarni Guðmundsson tryggingarstærðfræðingur fékk næst orðið og gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt sjóðsins á árinu 2017. Fram kom að úttektin væri aðgengileg í ársreikningi á heimasíðu sjóðsins og fundarmenn gætu glöggvað sig betur á henni þar. Bjarni gerði einnig grein fyrir reikniforsendum úttektarinnar og aðferðum. Kom jafnframt fram í máli Bjarna að úttektin sneri eingöngu að sameignardeild sjóðsins.

Fáir fara á örorku í sjóðnum miða við aðra sjóði. Fram kom að niðurstaða athugunarinnar væri að verðmæti eigna sjóðsins að meðtöldum iðgjöldum en

frádrægnum kostnaði vegna fjárfestinga og rekstrar reiknast 1.171,5 milljónir og skuldbindingar vegna lífeyris 1.091,2 milljónir. Eignir að frádrægnum skuldbindingum reiknast því 80,3 milljónir eða 7,4% af skuldbindingum. Eignir og skuldbindingar eru því í jafnvægi og engar breytingar fyrirhugaðar á réttindum sjóðfélaga.

Í framtíðinni er smá halli á eignum að frádrægnum skuldbindingum. Kostnaðarhlutfall er hærra en hjá stærri sjóðum. Heildarstaða versnar örlítið á árinu en er vel innan marka.

---

## 4. Fjárfestingarstefna 2018

Fundarstjóri gefur Pétri Péturssyni sjóðsstjóra orðið og hann fór yfir fjárfestingarstefnu 2018

Fjárfestingarstefnu ársins 2018 má finna á heimasíðu sjóðsins. Hlutfall 60 ára sjóðsfélaga er 60% rúmlega, stórt hlutfall þarf því að vera í seljanlegum eignum á ásættanlegu verði.

Vægi erlendra hlutabréfa aukið á kostnað innlendra, framtakssjóðum sömuleiðis. Eignasafnið var reifað og lauslega talað um stefnuna, vikið og breytingar á eignaflokkum.

Þróun markaðarins á árinu 2016 reifuð.

**Fundarstjóri, sagði orðið laust ef einhver fundarmanna vildi gera athugasemd við fyrstu fjóra liðina á dagskrá fundarins.**

Spurt var hvort sjóðurinn væri að verja sig gegn gengissveiflum vegna aukningu á erlendum eignum á meðan allar útgreiðslur séu í innlendum greiðslum.

Gísli svaraði og sagði að verið væri að dreifa áhættu með því að fara í erlendar eignir og þar væri betri

ávöxtun en ekki væri verið að verja sjóðinn sérstaklega gegn gengissveiflum.

Fram kom aðávöxtun er sýnd í viðkomandi gjaldreyri í ársreikningi.

Spurt var hvort seljanlegar eignir þyrftu að vera 80% og hvort ekki væri meiriávöxtun ef þetta hlutfall væri lægra.

Pétur svaraði að það væri ekki endilega neikvætt. Sumar eignir væru illseljanlegar.

Bjarni tryggingastærðfræðingur var spurður hvort eitthvað væri hægt að bregðast við þar sem nýjir sjóðfélagar eru að greiða meira í leið 1 og 2.

Bjarni svaraði að hægt væri að hafa jafnvægi í öllum leiðum. Eftir því sem kvenmönnum fjölga í sjóðnum verður það dýrara fyrir sjóðinn. Breyta þarf reikniverki og mögulega hækka iðgjöld í samtryggingu.

---

## 5. Kosning stjórnarmanna

Kjósa þarf um tvo aðalmenn til þriggja ára. Í framboði er Gísli Vilhjálmsson og Sigurgísli Ingimarsson. Þeir voru kosnir með öllum greiddum atkvæðum.

---

## 6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Tillögur til samþykktarbreytinga þurfa að berast stjórn sjóðsins með skriflegum hætti fjórum vikum fyrir ársfund. Engar tillögur bárust.



---

## 7. Ákvörðun um laun stjórnar

Formaður stjórnar fékk orðið og gerði grein fyrir tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna. Samkvæmt henni skulu stjórnarlaun hækka í samræmu við launavísitölu, eða um 7%. Þau verði 32.000 kr. á

mánuði fyrir stjórnarmann og fimmföld sú upphæð eða 160.000 kr. á mánuði fyrir stjórnarformann.

Fundarstjóri bar tillögu undir fundarmenn og var hún samþykkt með öllum atkvæðum.

---

## 8. Kjör endurskoðanda

Tillaga stjórnar að endurskoðanda sjóðsins árið 2018 er: Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18. Fundarstjóri bað fundarmenn að gefa merki um af-

stöðu þeirra til tillögunnar. Enginn var á móti og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum með fyrirvara um þóknun. Var það samþykkt.

---

## 9. Önnur mál löglega borin fram

Formaður stjórnar bað um orðið og ræddi um aukin störf sem varamaður stjórnar hefur. Hann sagðist meta störf hans mikils og lagði til að varamaður fengi tvöföld laun stjórnarmanns eða 64.000 kr.

Fundarstjóri lagði erindi undir fundarmenn og var það samþykkt með öllum atkvæðum.

### **Fundi slitið kl. 17:12**

Sjóðfélagar á fundi voru 11 og vægi atkvæða 7,6%

